

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

297. fundur

Föstudaginn 21. desember 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Kristín Soffía Jónsdóttir (KSJ) varamaður í stjórn, Helga Ingólfssdóttir (HI), sem yfirlit fundi kl. 12:50, áður en fjallað var um lið 5c, Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstur sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfismál
2. Starfsáætlun stjórnar 2019
3. Stefnumótun 2019
4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfismál

- a) Fyrir fundinum liggur minnisblað dagsett 19. september 2018 þar sem fjallað er um nokkrar mismunandi tillögur að leiðakerfisbreytingum í Hafnarfirði.

Stjórn samþykkir að leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði sem eru í samræmi við tillögu 4, verði skoðaðar í samhengi við aðrar breytingartillögur frá hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að heildstærðar leiðakerfisbreytingar sem taki tillit til óska um breytingar á leiðakerfi frá öllum sveitarfélögum sem standa að Strætó verði hluti af fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og gætu því tekið gildi í byrjun árs 2020.

- b) Í samþykktari fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2019, er gert ráð fyrir að farið verði í hagræðingar í leiðakerfi Strætó fyrir samtals um 95 m.kr. Fyrir fundinum liggur minnisblað dagsett 24. október 2018 þar sem settar eru fram tillögur að breytingum á leiðakerfi Strætó á árinu 2019.

Eftir að hafa farið yfir innstigs- og notkunartölur samþykkir stjórn eftirtaldar aðgerðir; stytta leið 14, hætta akstri fyrr á sunnudagskvöldum á völdum leiðum, gera breytingar á næturakstri og að sumaráætlun á völdum leiðum verði tekin upp aftur.

Í byrjun árs 2018 var farið af stað með tilraunaverkefni um næturakstur um helgar. Aksturinn hefur gengið vel en nýting er misgóð eftir leiðum. Haldið verður áfram með tilraunaverkefnið en gerðar breytingar á leiðum í ljósi reynslunnar á árinu.

2. Starfsáætlun stjórnar 2019

Fyrir fundinum liggja drög að starfsáætlun stjórnar 2019, gert er ráð fyrir að fundað verði á þriggja vikna fresti að jafnaði, en boðað verði til auka fundar ef þess gerist þörf.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun stjórnar 2019.

3. Stefnumótun 2019

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að skipuleggja vinnu við framtíðar stefnumótun Strætó. Stefnt er að því að byrja þessa vinnu á fyrsta ársfjórðungi 2019.

4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu fatlaðs fólks, þar sem samningar við núverandi verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019.

5. Önnur mál

- a) Umfjöllun um hugmyndir um eflingu almenningsamganga í tengslum við uppbyggingu Nýs Landspítala. Gert ráð fyrir að málið verði tekið aftur fyrir á fyrsta fundi stjórnar á árinu 2019.
- b) Umfjöllun um fölsuð strætókort sem lögreglan gerði upptæk og var í fréttum nýlega. Stjórn Strætó ítrekar að leita skuli allra leiða til að koma í veg fyrir að hægt sé að greiða í Strætó með fölsuðum kortum eða farmiðum og telur að liður í því sé að innleiða nýtt rafrænt greiðslukerfi sem nú er í undirbúningi.
- c) Matsgerð dómkvadds matsmanns vegna skaðabótakröfu, Teits Jónssonar ehf. á hendur Strætó, í tengslum við útboð (EES-verk nr. 12369) á akstri á höfuðborgarsvæðinu frá 2010.

Anton Markússon, lögmaður kom á fundinn og fór yfir næstu skref í málinu. Stjórn samþykkir að fela lögfræðingi Strætó að hafna skaðabótakröfu Teits Jónssonar ehf. og óska eftir yfirmati.

Fundi slitið: kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- Minnisblað, leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði, umsögn Strætó, dagsett 19.09.2018
- Minnisblað, hagræðing í leiðakerfi, dagsett 24.10.2018

Björg Fenger

Kristín Soffía Jónsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir